

Fundargerð

Árið 2025, mánudaginn 8. september kl. 17:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Lindarbrekku í Kelduhverfi.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Friðjón Einarsson, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elvari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuð: Theódóra S. Þorsteinsdóttir.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð

22. ágúst 2025

Löggð var fram til samþykktar fundargerð frá 22. ágúst 2025.

Fundargerð frá 22. ágúst 2025 var samþykkt án athugasemda.

2. Sameiningar sveitarfélaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Dalabyggðar og Húnaþings vestra, dags. 16. júlí 2025, þar sem óskað er eftir framlagi til að standa straum á kostnaði við undirbúning tillögu að sameiningu sveitarfélaganna.

Búið er að skipa 4 fulltrúa í samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga, sem þegar hefur tekið til starfa. Á fyrsta fundi sínum samþykkti samstarfsnefndin að sækja um framlag úr Jöfnunarsjóði til að standa straum af kostnaði við viðræðurnar og kosningar um tillögu um sameiningu.

Samkvæmt vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 782/2020 getur undirbúningsframlag Jöfnunarsjóðs numið allt að 21,9 m.kr. Áður hefur ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs samþykkt framlag að fjárhæð 8,6 m.kr. Lagt er til að greitt verði framlag úr Jöfnunarsjóði sem nemur áætluðum kostnaði við undirbúningsvinnu sameiningartillögunnar að

fráðregnu því framlagi sem þegar hefur verið greitt. Felur það í sér að nú verði greitt framlag að fjárhæð 12,6 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita Dalabyggð og Húnaþingi vestra framlag vegna framangreindrar vinnu að fjárhæð 12,6 m.kr.

3. Rekstrarúttektir

Hafnarfjörður

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Hafnarfjarðar, dags. 19. ágúst 2025, þar sem óskað er eftir framlagi til rekstrargreiningar í málaflokki fatlaðs fólks.

Hafnarfjörður hefur leitað til HLH ráðgjafar að framkvæma greiningu á málaflokki fatlaðs fólks. Áætlað er að vinnan taki um 16 vikur, frá maí til október nk. og feli í sér 635 vinnustundir. Kostnaður við úttektina er áætlaður um 16,6 m.kr.

Sótt er um framlagið á grundvelli 3. liðar 4. gr. reglugerðar nr. 192/2023 þar sem sjóðnum er heimilt að ráðstafa framlagi til einstakra verkefna, nýsköpunar eða þróunarvinnu sem nýtist sveitarfélögunum til framþróunar í málaflokki fatlaðs fólks. Óskar Hafnarfjarðarbær eftir framlagi sem nemur kostnaði við rekstrarúttektina.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag til framkvæmdar rekstrargreiningar í málaflokki fatlaðs fólks að hámarki 16,6 m.kr.

4. Fasteignasjóður

Akraneskaupstaður

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Akraneskaupstaðar, dags. 15. júlí 2025, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna uppsetningu á lyftu á baðherbergi fyrir vinnuaðstöðu við þjónustu við fatlað fólk. Lyftan var sett upp í Brekkubæjarskóla þar sem verið var að endurnýja og byggja við 1. hæð. Sótt er um framlagið á grundvelli a. liðar 3.gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs.

Heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nam 1.976.598 kr.

Framlög vegna úrbóta í aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna nr. 280/2021. Akraneskaupstaður hefur ekki sótt um framlag áður á tímabilinu 2025-2026. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar er miðað við að heildarframlög til Akraneskaupstaðar geti numið 14.070.848 kr. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs vegna framkvæmdanna nema 988.299 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 988.299 kr. vegna framkvæmdanna.

Garðabær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Garðabæjar, dags. 25. júní 2025, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs. Garðabær íhugar að koma á fót frístundaþjónustu/virkniúrræði fyrir fötluð ungmenni, samanber 16. gr. laga 38/2018.

Undanfarin ár hefur Garðabær keypt þjónustu fyrir fötluð ungmenni af Hafnarfjarðarbæ en frá og með haustinu 2025 er slíkt fyrirkomulag ekki í boði. Í haust munu 5 ungmenni nýta þjónustuna en ráðgert er að aðstaða verði fyrir allt að 15-20 ungmenni. Samhliða frístundaþjónustu verður einnig horft til þess að bjóða upp á virkniúrræði fyrir fötluð ungmenni sem hafa ekki komist í virkni við hæfi.

Áætlaður stofnkostnaður er um 182 m.kr. sem skiptist í:

- Kaup á húsnaði við Lambamýri 1, tilbúið undir tréverk 77 m.kr.
- Standsetning húsnaðis 90 m.kr.
- Kaup á búnaði og innréttingum 15 m.kr.

Sótt er um framlagið á grundvelli d. og e. liðar 2. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir 25% kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 45,5 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fresta afgreiðslu erindisins. Starfsmanni falið að afla frekari upplýsinga.

Reykjavíkurborg

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjavíkurborgar, dags. 16. júní 2025, þar sem óskað er eftir framlagi á grundvelli 2. gr. reglugerðar nr. 280/2021 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Sótt er um vegna aðlögunar á húsnæði í Skeifunni 8 en þar er nýtt virkniúrræði á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Þjónustunotendur voru áður í Bæjarflöt í Grafarvogi og fluttu þeir um mánaðamótin maí/júní 2025, fleiri munu svo bætast við á næstu mánuðum og er áætlað að um 70 þjónustunotendur verði með fullri nýtingu.

Húsnæðið var áður skrifstofuhúsnæði og er í eigu fasteignafélagsins Eikar, gerður hefur verið 5 ára leigusamningur. Fara þurfti í talsverðar úrbætur á húsnæðinu til að aðlaga að starfsemi sem hentar virkniúrræði fyrir fatlað fólk. Þarna mun verða listsköpun, handverk íþróttir, söngur, slökun o.fl. Fyrirhugað er að hafa verslun í húsnæðinu þar sem seldar verða vörur framleiddar af þjónustunotendum.

Úrbæturnar sem fara þurfti í voru m.a. breytingar á aðgengismálum, stærri lyfta, rampur og breyting á salernum. Fasteignafélagið Eik vann mikilvægar breytingar og kostaði þær, sá kostnaður er ekki tilgreindur í umsókn þessari heldur er inni í leiguverði Reykjavíkurborgar.

Áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nemur um 32,6 m.kr.

Sótt er um framlag á grundvelli e. liðar 2. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir 25% kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 8.150.000 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fresta afgreiðslu erindisins. Starfsmanni falið að afla frekari upplýsinga.

5. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica 1. október nk. Fundurinn hefst kl. 16.00 en til fundarins eru boðaðir framkvæmdastjórar sveitarfélaga, landshlutasamtaka og stofnana sveitarfélaganna.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 18:04.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir